

Inngangur

Þessar leiðbeiningar tengjast vinnulýsingu um Innflutning afurða frá 3ju ríkjum **VLY-034** og lýsa verklagi við innheimtu aukagjalds vegna tafa á **TRACES**-tilkynningu frá innflytjanda/ ábyrgðarmanni sendingar. Skv. reglugerð ([\(EB\) 2017/625](#)) (innleidd með reglugerð nr. [234/2020](#)) er innflytjanda skylt að tilkynna Matvælastofnun um komu sendingar með fyrirvara:

- Skipasendingar skal tilkynna í Traces með 24 klst fyrirvara
- Flugsendingar skal tilkynna í Traces með 4 klst fyrirvara

Tilkynningar sem berast eftir komu sendingar til landsins geta valdið töfum á afgreiðslu vörunnar til innflytjanda og aukaálagi hjá Matvælastofnun og þar með auknum eftirlitskostnaði.

Matvælastofnun er heimilt að leggja viðbótargjald sem nemur að lágmarki tvöföldu tímagjaldibætast við gjald vegna eftirlits með innflutningi afurðaberist TRACES-tilkynning síðar en 24/4 klst. fyrir komu sendingar til landsins. Viðbótargjaldið er sett á með heimild í gr. 138 og 139 reglugerðar ([\(EB\) 2017/625](#)).

Tölvupóstur

Við afgreiðslu sendingar og frágang skjala (skv. lið 9 í **VLY-034**), sér móttökuritari um að senda innflytjanda tölvupóst úr málaskrá MAST undir málaheitinu „Tilkynning um viðbótargjald vegna seinkunar á TRACES-tilkynningu“. Við gerð tölvupósts er sóttur staðlaður texti sem ber heitið „Tilkynning um viðbótargjald vegna seinkunar á TRACES tilkynningu“ sem er vistaður undir flokknum „Inn- og útflutningur“.

Gjaldtaka

Eftirlitsmaður skráir í yfirlitsskjal yfir sendingar (Local ref skjal vistað á teams rás BCP teymis) „Viðbótargjald vegna tafa á Traces tilkynningu“. Gjaldtaka vegna innflutningseftirlits er framkvæmd skv. vinnulýsingu (**VLY-012**).

Þegar um er að ræða viðbótargjald vegna tafa á TRACES-tilkynningu sér móttökuritari um að bókfæra aukalega 2 klst. við unna tíma vegna innflutningseftirlits. Jafnframt skal skrá í reikning: *Viðbótargjald vegna tafa á TRACES-tilkynningu*.

Heimildir

Reglugerð ([\(EB\) 2017/625](#)) um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt. Innleidd í íslenskan rétt með reglugerð [nr. 234/2020](#).